



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík
nefnasvið@althingi.is

Selfoss 30. nóvember 2023

Efni: Frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun, 479. mál (Þingskjal 527)

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd þar sem óskað er eftir umsögn félagsins Vinir íslenskrar náttúru, VÍN, um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun, 479. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá er það hluti af nýlegum hugmyndum um sameiningar stofnana ríkisins. Sú sameining sem hér er lögð fram hefur nokkuð breyst frá fyrstu tillögum um stóra Náttúruvísindastofnun og verður það ekki rakið frekar hér. Þó má leggja áherslu á að hugmyndir um sameiningar stofnana á almennt að skoða þvert á ráðuneyti og þá fyrst og fremst með það í huga að auka gæði og skilvirkni þeirra stofnana sem á að sameina. Stórar stofnanir eru engin trygging fyrir gæðum, skilvirkni eða fjárhagslegri hagræðingu ef innri starfsemi þeirra er ósamrýmanleg. Frumvarpið sem hér liggur fyrir er eingöngu um sameingu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrufræðistofnunar við Mývatn.

Áform um sameiningu þessara stofnana eru ekki ný af nálinni. VÍN telur að sameining þessara stofnana sé almennt til bóta fyrir söfnun upplýsinga og rannsóknir á náttúrufari Íslands og þar með einnig styrkja alþjóðlegt samstarf. Allar stofnanirnar vinna t.d. mikið með landfræðileg gögn sem eru nauðsynleg bæði sem hluti af rannsóknum, samanburði og vöktun á náttúrufari og til að miðla náttúrufræðisupplýsingum. Sameiningin mun því auka getu umræddra stofnana. Frumvarpið byggir að miklu leiti á nógildandi lögum um stofnanirnar.

VÍN gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1.gr. Yfirstjórn og hlutverk.

Í fyrstu grein frumvarpsins segir: „Náttúrufræðistofnun er ríkisstofnun undir **yfirstjórn** ráðherra.“

Að mati VÍN hefur orðalag varðandi hlutverk ráðherra breyst verulega frá nógildandi lögum og ekki til bóta. Í nógildandi lögum segir: „**Ráðherra umhverfismála fer með þau málefni sem lögin taka til.**“ Nú segir hins vegar að stofnunin sé undir yfirstjórn ráðherra. Þessa breytingu má túlka sem svo,

lagalega, að Náttúrufræðistofnun sé ekki lengur sjálfstæð stofnun þar sem forstjóri fer fyrir henni heldur þurfi stofnunin í versta falli að bera allar rannsóknir og ráðgjöf sem hún veitir beint undir ráðherra.

Það er mjög áriðandi að rannsókn- og ráðgjafahlutverk Náttúrufræðistofnunaar sé sjálfstætt og óháð beinu ráðherravaldi og pólitískum afskiptum. Það að ráðherra *fari með málefni sem löggin taka til* er mun eðlilegra orðalag sem snýr að samráði um stefnumótandi vinnu og fjármál stofnunarinnar hverju sinni, sbr. lagagreinir um hlutverk stofnunarinnar í þessum lögum. Þar undir stefnu stjórnvalda og stjórnvaldsákvæðanir.

Að ráðherra fari með beina yfirstjórn stofnunarinnar getur valdið misskilning og óvissu um, þ.m.t. stjórnsýslulega, hver fer með eiginlegt vald innan stofnunarinnar.

Alþjóða samningar og Evrópulöggjöf hefur miðað að því að auka lýðræði m.a. með aðkomu frjálsra félagasamtaka að ákvörðunum stjórnvalda. Þessi orðlagsbreyting frá fyrri lögum er frekar í ætt við að auka beint vald ráðherra og draga úr sjálfstæði stofnana og valddreifingu.

VÍN leggur til að greininni verð breytt til fyrra horfs og hljóði svo: „**Ráðherra umhverfis- orku og loftslagsmála fer með þau málefni sem löggin taka til.**“

2.gr. Forstjóri o.fl.

Í 2. gr. frumvarpsins segir: „Við Náttúrufræðistofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri **skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi.** Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og annast rekstur hennar.“

Hér hefur sú breyting orðið frá núgildandi lögum að forstjóri skal ekki lengur hafa **háskólamenntun á verksviði stofnunarinnar** heldur háskólamenntun sem nýtist í starfi. Hér er um að ræða rannsóknastofnun þ.e. rannsóknir á íslensku náttúru. Það má því teljast eðlilegt að forstjóri slíkrar stofnunar hafi ekki bara vit og þekkingu á stjórnun heldur líka á málefninu. Þ.e. skilning á hverju vísindalegar náttúrufræðisrannsóknir byggja, hvernig farið er með niðurstöður rannsókna (nýrra og eldri) og hvernig þær eru túlkaðar og nýttar í ráðgjöf.

Forstjóri sem ekki hefur undirstöðu skilning á náttúrufræðum getur því verið óhæfur til að meta gildi rannsókna og framkvæmd þeirra og einnig ráðgjöf og túlkun starfsmanna stofnunarinnar til forstjóra.

Bent skal á að í þessum lögum er gert ráð fyrir að forstöðumenn náttúrustofa **hafi menntun á sviði náttúrufræða.**

Breyting á þessu ákvæði virðist fyrst og fremst vera að einhverju leyti tiskufyrirbrygði eða jafnvel til þess að auka vald sitjandi ráðherra hverju sinni til að geta valið „hvern sem er“ í stöðu forstjóra. Mjög ólíklegt má telja að Alþingi telji t.d. sjálfsagt að hæstaréttadómarar séu náttúrufræðingar.

Að mati VÍN ber tvímælalaust **að meta menntun á sviði náttúrufræði, þ.e. á verksviði stofnunarinnar, til meiri hæfni** en menntun á öðrum sviðum þegar hæfni fólks til að verða forstjóri Náttúrufræðistofnunar er metin. Önnur hæfni/þekking er að sjálfsögðu ákjósanleg og kostur enda stjórnun blanda af mörgum hæfileikum.

VÍN leggur til að orðalag núgildandi laga, „...**á verksviði stofnunarinnar**...“ verði notað áfram eða að náttúrufræðimenntun fái hærri sess til mats á hæfni forstjóra í lögnum en önnur menntun.

Í 2. gr. segir jafnframt undir, **Forstjóri ber ábyrgð á:**

- að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og stefnu stjórnvalda,

Stjórnvaldsfyrirmæli og stefna stjórnvalda eru mjög óljós hugtök í þessu sambandi og ekki alltaf að t.d. stefna stjórnvalda eigi sér lagagrunn enda stefna.

VÍN leggur til að þessum lið verði breytt og hljóði svo: **að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem varða málefni stofnunarinnar.**

3. gr. Verkefni.

Í 3. gr. segir: Náttúrufræðistofnun er ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar á fagsviðum stofnunarinnar. Stofnunin skal í starfsemi sinni vinna að lögbundnum markmiðum og stefnu stjórnvalda hverju sinni. Náttúrufræðistofnun skal eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar. Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

VÍN bendir á að fagsvið Náttúrufræðistofnunar eru ekki skilgreind sérstaklega í lögum þó líta megi svo á að þau sé náttúra Íslands þar undir það sem heyrir undir liði 12-16 hér að neðan og er „nýtt“ í lögum um Náttúrufræðistofnun (sjá annars lög um Landmælingar Íslands). Í núgildandi lögum segir t.d. „, Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands.“ Þessari setningu mætt halda með breytingum t.d. - **Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og vistfræði landsins og annast skipulega skráningu landfræðilegrar gagna og heimildasöfnun um náttúru Íslands.**

Í lið 8 í 3. gr. segir: „að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum ,“ Að mati ,VÍN mætti bæta hér við... **og öðrum miðlum eftir því sem við á,**

VÍN gerir ekki athugasemdir efnisinnihald liða 11-18 né síðustu mgr. 3. gr. að öðru leyti en því að VÍN telur að **skoða þurfi** hvort t.d. c, d, e og f liðir 14. liðar þ.e. **vegir og samgöngur, örnefni úr örnefnagrunni, stjórnsýslumörk og mannvirki** eigi betur heima undir annarri/öðrum stofnunum s.s. Þjóðskrá eða Minjastofnun (örnefni). VÍN vill þó taka fram að allar þessar upplýsingar nýtast innan Náttúrufræðistofnunar og fjölda annarra stofnana auk annarra aðila og eiga því að vera aðgengilegar öllum.

4.gr. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

VÍN gerir ekki athugasemd við þessa grein frumvarpsins.

5. gr. Náttúrustofur.

VÍN gerir ekki athugasemd við þessa grein frumvarpsins.

6. gr. Sala á þjónustu og gjaldskrá.

VÍN gerir ekki athugasemd við þessa grein frumvarpsins.

7. gr. Miðlun og varðveisla upplýsinga og afnotaréttur.

VÍN gerir ekki athugasemd við þessa grein frumvarpsins.

8. gr. Höfundaréttur.

Í greininn segir: „Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Náttúrufræðistofnun öðlast og hefur eignast.

Náttúrufræðistofnun gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við rannsóknir, mælingar, kort, myndir eða annað efni. Ríkið á höfundarétt að gögnum sem starfsmenn vinna á vegum stofnunarinnar nema um annað sé samið. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög.“

VÍN eru frjáls félgasamtök og það getur skipt miklu máli að það komi fram í lögum að fullunin verk ríkisstofnana séu í almanna eign og hægt sé að fá slík gögn öllum að kostnaðarlausu.

VÍN bendir á að hér er verið að fjalla um **eina tiltekna ríkisstofnunn**. Félagið telur hins vegar rétt og eðlilegt að það sé gætt samræmis hvað höfundarétt varðar milli allra ríkisstofnana. T.d. er þetta ákvæði ekki að finna í nýjum lögum um Land og skóg. Hér gefst því tækifæri til að setja viðlíka ákvæði í lög allra ríkisstofnana sem það getur átt við. **Hefur þessa samræmis verið gætt, hefur þetta verið skoðað?**

VÍN styður ákvæðið en telur að gæta þurfi samræmis milli ríkisstofnana og að haft verði samráð við fulltrúa starfsmanna þeirra.

9. gr. Frjáls för um landið við söfnun náttúrugripa og uppsetningu mælingapunkta.

VÍN gerir ekki athugasemd við þessa grein frumvarpsins.


10. gr. Reglugerðarheimild.

VÍN gerir ekki athugasemd við þessa grein frumvarpsins að öðru leyti en því að svo virðist sem að heimild til gerð reglna um fuglamerkingar hafi dottið út miðað við nógildandi lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands.

11. gr. Gildistaka o.fl.

VÍN bendir á að félagið efast um að lög þessi geti tekið gildi 1. janúar 2024, einfaldlega af praktískum ástæðum þar sem stuttur tími er eftir af yfirstandandi þingi. Þó málið sé ekki „flókið“ í eðli sínu er rétt að það fái vandaða meðferð ef umsagnir um það leiða í ljós einhverja annmarka sem betur mættu fara. Sjá m.a. umsögn þar sem komið er inn á Þjóðskrá og svo atriði er varða höfundarétt.

Virðingarfyllt,



Sveinn Runólfsson, formaður VÍN